

Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafrehtar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi fimmtudaginn 11. júní 2020 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvisson, Örn Ingvarsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð fjallskiladeildar.

Gengið til dagskrár:

1. Erindi Sigrúnar Þóroddsdóttur, sent frá hreppsnefnd Ásahrepps 28. maí 2020.

Lagt fram erindi sem vísað var til nefndarinnar frá hreppsnefnd Ásahrepps. Málið snýst um beiðni um að taka eignina Sauðholt 2 út af fjallskilaskrá.

Fjallskiladeild Holtamannaafrehtar gerir ekki athugasemdir við að þessi jarðeign verði undanskilin fjallskilum þar sem ekki er haldið sauðfé á jörðinni.

2. Erindi Landgræðslunnar, sent frá hreppsnefnd Ásahrepps 25. mars 2020.

Lagt fram erindi sem vísað var til nefndarinnar frá hreppsnefnd Ásahrepps. Málið snýst um ósk Landgræðslunnar að koma fram með athugasemdir eða ábendingar varðandi kortlagningu beitarlanda sauðfjár innan Ásahrepps. Hægt er að skoða kortið með að fara inn á vefsíðuna www.grolind.is.

Fjallskiladeild Holtamannaafrehtar gerir engar athugasemdir varðandi kortlagningu beitarlanda sauðfjár í Ásahreppi. Ekki þótti kortagrunnur vera greinilegur þannig að hægt væri að átta sig á kennileitum.

3. Erindi Víðis R. Þórssonar, sent frá hreppsnefnd Ásahrepps 25. mars 2020.


Lagt fram erindi sem vísað var til nefndarinnar frá hreppsnefnd Ásahrepps. Málið snýst um ósk sem komið hefur verið á framfæri við hreppsnefnd að sett verði á lausagöngubann í Ásahreppi.

Fjallskiladeild Holtamannaafrehtar samþykkir samhljóða að vera mótfallin lausagöngubanni í Ásahreppi og telur það algerlega ótækt á afrétti.

Fundargerð yfirlesin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:30


Ísleifur Jónsson
Óskar Ólafsson
Örn Ingvarsson
Karl Ölvisson
Sævar Jónsson